

Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2020
UST202003-610/A.G.E.
09.03

Efni: Afstaða Reykjavíkurborgar til fyrirhugaðrar friðlýsingar á Lundey og tilnefning í samstarfshóp

Umhverfisstofnun vinnur nú að átaki í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Eitt af þeim svæðum sem hefur verið til umfjöllunar á grundvelli átaksins er Lundey í Kollafirði.

Í erindi Fuglaverndar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 23. september 2014, kemur fram að Fuglavernd óskar eftir því að ráðuneytið beiti sér fyrir friðlýsingu Lundeyjar. Þar er m.a. bent er á að Lundey sé lítil eyja sem fóstri ríkulegt fuglalíf og að þar sé til að mynda annað af tveimur lundavörpum í borgarlandinu. Þá er einnig bent á að Lundey hefur mikið gildi fyrir ferðamennsku og að þangað sé siglt með þúsundir ferðamanna ár hvert til að skoða lunda. Aðrir fuglar í eyjunni séu m.a. fýll, kría og teista.

Fjallað var um tillögu Fuglaverndar að friðlýsingu Akureyjar og Lundeyjar á 77. fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. september 2014 þar sem umsögn umhverfis- og skipulagssviðs var samþykkt.

Akurey var friðlýst þann 3. maí 2019. Umhverfisstofnun hefur nú hug á að hefja vinnu við undirbúning að friðlýsingu Lundeyjar sem er í eign Ríkisins. Umhverfisstofnun óskar því eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til þess að hefja undirbúning að friðlýsingu Lundeyjar ásamt því að óska eftir tilnefningu í samstarfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að friðlýsingu svæðisins og mörkum þess. Þegar afstaða liggur fyrir mun Umhverfisstofnun skilgreina næstu skref. Óskað er eftir að afstaða og tilnefning berist Umhverfisstofnun fyrir 2. maí næstkomandi.

Frekari upplýsingar veitir Aron Geir Eggertsson með tölvupósti aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllt



Aron Geir Eggertsson
sérfræðingur



Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri